

Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 8. desember 2016 R1612004

Málsnr.	Erindi:	Afgreiðsla:
	Fundargerðir:	
	Annað:	
R16120008	Bréf knattspyrnufélagsins víkings, dags. 1.12.2016, um niðurfellingu gatnargerðargjalda.	Sent FMS til umsagnar.
R13100424	Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um samráð við aðgerðarhóp foreldra í Grafarholti og Úlfarsárdal um samninga við Fram.	Sent SBB til umsagnar.
R13120003	Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks og Framsóknar og flugvallarvina um ritun umræðna á fundum borgarstjórnar.	Sent forsætisnefnd til umsagnar.
R16090008	Meðferð sambands íslenskra sveitarfélaga á tillögu borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um áskorun um skattlagningu ofurbónusa.	Sent borgarfulltrúum til kynningar



Borgarráð Reykjavíkur
Dagur B. Eggertsson formaður
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Reykjavík 1.12.2016

Varðar: Bygging varanlegrar blaðamannaaðstöðu - gatnagerðargjöld.

Knattspyrnufélagið Víkingur tók þá ákvörðun árið 2015 að ráðast í byggingu á varanlegri blaðamannaaðstöðu við knattspyrnuvöllinn í Víkinni. Félagið hafði komist í Evrópukeppni og ljóst að alltof þröngt er um blaðamenn þegar stórir leikir eru háðir.

Sótt var um styrk fyrir framkvæmdinni í Mannvirkjasjóð KSÍ og fengust 4 milljónir í febrúar 2016 auk þess sem styrkur fyrir allri steypu fékkst frá velunnara. Átti það að duga til að klára framkvæmdina með aðstoð félagsmanna.

Grunnflötur byggingarinnar er 30m² á tveimur hæðum með geymslum á neðri hæð og blaðamannastúku á efri hæð. Staðsetningin mannvirkisins er á milli varamannaskýla við aðalvöllinn og er byggingin óupphituð. Nánar tiltekið er mannvirkið inn á miðju svæði félagsins og aðgerðin krefst engra útgjalda af hálfu borgarinnar.

Í sumar barst félaginu reikningur frá Reykjavíkurborg fyrir gatnagerðargjöldum að upphæð rúmlega 2,1 milljón króna. Þetta stoppaði framkvæmdina en skv. upplýsingum frá byggingafulltrúa er það aðeins Borgarráð sem hefur heimild til að fella niður gatnagerðargjöld.

Knattspyrnufélagið Víkingur fer þess á leit við Borgarráð að gatnagerðargjöld af mannvirkinu verði felld niður svo byggja megi upp fyrirmyndaraðstöðu fyrir fjölmiðlafólk í Víkinni.

Virðingarfyllst,

F.h. Knattspyrnufélagsins Víkings


Haraldur Haraldsson
Framkvæmdastjóri

BORGARRÁÐ 1. desember 2016: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um samráð við aðgerðahóp foreldra í Grafarholti og Úlfarsárdals um samninga við Fram - R13100424

Lagt er til að fulltrúar Reykjavíkurborgar í samningaviðræðum við Knattspyrnufélagið Fram vegna uppbyggingar íþróttaaðstöðu taki upp viðræður við „Áfram“, aðgerðahóp foreldra í Grafarholti-Úlfarsárdal og veiti þeim allar upplýsingar um stöðu mála. Umræddur hópur hefur mikilla hagsmuna að gæta í málinu og vill leggja sitt af mörkum til lausnar þess.

BORGARRÁÐ 1. desember 2016: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina um ritun umræðna á fundum borgarstjórnar - R16120003

Lagt er til að umræður í borgarstjórn verði að nýju gerðar aðgengilegar á rituðu formi. Umræðurnar verði birtar á vefsíðu borgarinnar og almenningi þannig gert kleift að fletta upp ræðum um ákveðin mál eða ræðum kjörinna fulltrúa með sama hætti og gert er á vefsíðu Alþingis. Með því verður gagnsæi aukið varðandi starfsemi kjörinna fulltrúa og gagnavinnsla auðvelduð, t.d. þegar skýra þarf stefnumarkandi ákvarðanir borgarstjórnar eftir á.



Málsnr.: 216090008
Skjalasafn Ráðhúss
02. des. 2016
Bréfalykill: 120

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Reykjavík 1. desember 2016

1611029SA MKH/km
Málalykill: 01.30

Efni: Tillaga um áskorun um skattlagningu ofurbónusa

Á fundi stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 25. nóvember 2016 var lagt fram bréf frá borgarstjóranum í Reykjavík, dags. 4. nóvember 2016, um tillögu sem lögð var fram á fundi borgarráðs þann 3. nóvember 2016, um áskorun um skattlagningu ofurbónusa. Borgarráð samþykkti að vísa tillögunni til meðferðar hjá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga sem er í viðræðum við ríkið um tekjuskiptingu hins opinbera.

Eftirfarandi var bókað og samþykkt:

„Samþykkt var að vísa erindinu til fjármála- og efnahagsráðuneytisins.“

Framangreint tilkynnist hér með

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Magnús Karel Hannesson
sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs

Afrit: Borgarstjórnin í Reykjavík